



# Stjórnarfundur - Sunddeild Keflavíkur

Reykjanesbær 17. febrúar 2014 kl: 19:00

Mættir: Falur, Sigurbór, Dúna, Guðmunda, Gunnrún og Hilmar

## 1. Verkaskipting

- a. Falur H. Daðason var kosinn formaður á Aðalfundi SK. En verkaskipting í stjórn verður þannig:
  - i. Hilmar Örn er varaformaður
  - ii. Guðmunda Róbertsdóttir er gjaldkeri
  - iii. Gunnrún Theodorsdóttir er ritari
  - iv. Sigurbór Sævarsson er meðstjórnandi
  - v. Guðrún Jóna Árnadóttir og Guðný Magnúsdóttir eru varamenn.

## 2. Framtíðarnefnd

- a. Framtíðar nefnd Keflavíkur óskaði eftir tillögum frá öllum deildum innan félagsins varðandi óskir um uppbyggingu á aðstöðu. Við munum leggja til ósk um nýtt tækniherbergi í Vatnaveröld og bendum einnig á vöntun á tjaldstæðum sem nýst gæti öllum deildum þegar mót eru haldinn.

## 3. Atriði sem upp komu á aðalfundi SK

- a. Á aðalfundi Sunddeildar Keflavíkur tók til máls móðir stúlku sem æfir í yngri hóp. Hún og dóttir hennar höfðu miklar áhyggur af þeim mætingarviðmiðum sem eru í þeim hóp og þá sérstaklegar varðandi æfingarferðina til Calella. Búið er að ræða við móðurina og kom þá í ljós að þær mæðgur hefðu misskilið þær kröfur sem gerðar eru varðandi mætingar og viðmiðin fyrir Calella ferðina og búið er að leiðrétta þennan misskilning. Við þurfum að fara yfir þær skýringar sem eru á vefnum hjá okkur og reyna að bæta þær þannig að ekki sé hætta á að svona misskilningur endurtaki sig.
- b. Á aðalfundi Sunddeildar Keflavíkur steig Júlíus Friðriksson í pontu og ræddi þar mál sem hann hefur rekið fyrir hönd dóttur sinnar. Í tilefni af þeirri umræðu vill Sunddeild Keflavíkur koma eftirfarandi á framfæri.

Á þeim 15 mánuðum sem liðnir eru frá því Sunddeild Keflavíkur boðaði Júlíus Friðriksson og Guðrúnu Benediksdóttur á sinn fund til að ræða áhyggur Anthonys yfirþjálfara yfir minnkandi ástundun og breyttu viðhorfi dóttur þeirra til æfinga hafa umkvartanir og kærur þeirra hjóna fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar fengið umfjöllun á mörgum og mismunandi stöðum.

Fyrir utan að stjórn Sundráðs ÍRB hafi fjallað ítarlega um málið og reynt að leysa það í samvinnu við foreldrana og aðra aðila sem bæði stjórn Sundráðs ÍRB og foreldrar sundmannsins hafa tilnefnt hefur málið fengið umfjöllun hjá eftirfarandi aðilum:

- Aðalstjórn Keflavíkur
- Stjórn Íþróttabandalags Reykjanesbæjar (ÍRB)
- Fagráð Æskulýðsvettvangs
- Barnaverndanefnd Reykjanesbæjar
- Dómstóll ÍSÍ

Einnig hafa eftirfarandi einstaklingar fengið upplýsingar um málið frá báðum aðilum:

- Árni Sigfússon bæjarstjóri
- Guðbrandur Einarsson fyrrv. bæjarfulltrúi
- Ragnar Örn Pétursson íþróttafulltrúi og forstöðumaður Vatnaveraldar
- Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ

Þann 26. nóvember 2012 var undirrituð sátt í málinu af öllum aðilum málsins þ.e. Sigurbjörgu Róbertsdóttur fyrir hönd Sundráðs ÍRB, Anthony Kattan yfirþjálfara, Júlíusi Friðrikssyni og Guðrúnu Benediktsdóttur fyrir hönd sundmannsins.

Fagráð Æskulýðsvettvangs gerði ítarlega úttekt á þessu máli og kom með ábendingar um hvað má betur fara í starfi Sundráðs ÍRB og hefur Sundráð ÍRB farið að þeim öllum.

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar skoðaði gögn í málinu og gerir ekki athugasemdir við vinnubrögð Sundráðs ÍRB. Barnavernd mun ekki aðhafast frekar í málinu og telur að Sundráð hafi lagt sig fram í að endurskoða verklag sitt eftir leiðbeiningum ráðgjafahópsins til að mæta þörfum iðkennda. Niðurstaða barnaverndar er að kannanir sem Sundráð ÍRB hefur gert bendi til þess að sundmenn og foreldrar treysti þjálfaranum og séu ánægð með störf hans og samskipti við hann.

Dómstóll ÍSÍ vísaði kæru Júlíusar Friðrikssonar á hendur Sundráði ÍRB og Anthony Kattan frá á grundvelli þess að kæran barst of seint. Í greinagerð frá kærendum kemur fram þeirra mat, að þeim hafi verið ljóst 16. janúar að sáttargjörðin héldi ekki en kærendur kærðu ekki málið fyrir en 6. ágúst.

Þrátt fyrir að dómstóll ÍSÍ hafi skýrt leyfi í lögum ÍSÍ til að víkja frá ákvæði um kærufrest taldi hann það ekki nauðsynlegt í þessu máli og eins og fyrir segir var málinu vísað frá.

*Í grein 24.2 um dómstóla í lögum ÍSÍ segir:*

*Dómstóll ÍSÍ getur veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.*

Stjórn Sundráðs ÍRB hefur gert tvær kannanir á samskiptum og líðan sundmanna. [Aðra í október 2012 og hina í október 2013.](#) Í þessum könnunum kemur fram að sundmenn og foreldrar treysti þjálfurum okkar og séu ánægð með störf þeirra og samskipti við þá.

Stjórn Sunddeildar Keflavíkur telur nú að málinu sé lokið þar sem brugðist hefur verið við öllum þeim tilmælum sem fram hafa komið hjá þeim aðilum sem fjallað hafa um málið.

Fundi slitið 20:45

Fundinn ritaði: Hilmar Örn